

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 – 1996

Nr. 28

60

2. maí 1996

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Friðrik Sophusson fjármálaráðherra störfum forsætisráðherra um stundarsakir.

Forsætisráðuneytinu, 2. maí 1996.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 29

3. maí 1996

LÖG

um breyting á lögum nr. 131/1990, um Háskóla Íslands.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

6. og 7. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Við skrásetningu til náms greiðir stúdent skrásetningargjald, 24.000 kr. Upphæð gjaldsins kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Háskólaráði er heimilt að ráðstafa allt að 13% af gjaldinu til Félagsstofnunar stúdenta og allt að 10% til sérstakra verkefna samkvæmt samningi milli Háskólans og stúdentaráðs Háskóla Íslands sem háskólaráð staðfestir. Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan skrásetningartímabila.

Þeir teljast einir stúdentar við Háskóla Íslands sem skrásettir hafa verið til náms. Í reglugerð má kveða nánar á um árlega skrásetningu stúdenta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Háskólaárið 1995–96 greiðir Háskóli Íslands stúdentaráði 2.175 kr. vegna hvers skráðs stúdents.

Gjört í Reykjavík, 3. maí 1996.

Friðrik Sophusson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Haraldur Henrysson.

Björn Bjarnason.

3. maí 1996

Nr. 30

LÖG

**um breyting á lögum um Háskólann á Akureyri,
nr. 51/1992, með síðari breytingu.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem staðist hefur stúdentspróf frá íslenskum skóla sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta getur sótt um að skrá sig til náms við háskólann gegn því að greiða skrásetningargjald, 24.000 kr. Upphæð gjaldsins kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Háskólanefnd er heimilt með samningi að ráðstafa allt að 13% af gjaldinu til Félagsstofnunar stúdenta á Akureyri og allt að 10% til sérstakra verkefna samkvæmt samningi milli Háskólans á Akureyri og Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri sem háskólanefnd staðfestir. Heimilt er að taka 15% hærri gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skrásetningartímabila.

Háskólanefnd er heimilt að leyfa skrásetningu einstaklinga er lokið hafa öðrum prófum en tilgreint er í 1. mgr. ef hlutaðeigandi deild eða námsbraut telur að um sé að ræða fullnægjandi undirbúning til náms við háskólann. Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um inntökuskilyrði.

Inntaka nemenda er í höndum háskólanefndar og getur hún að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis takmarkað fjölda þeirra sem hefja nám við deildir háskólans. Setja skal í reglugerð ákvæði er mæla fyrir um árlega skráningu nemenda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. maí 1996.

Friðrik Sophusson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Haraldur Henrysson.

Björn Bjarnason.